



**LJÓSTÆKNIFÉLAG
ÍSLANDS**

LANDSNEFND ÍSLANDS Í GIE

Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins 1998 -1999

1 Aðalfundur

Aðalfundur Ljóstæknifélags Íslands 1998 var haldinn í Hafnarborg þann 25. mars og var hann sæmilega sóttur. Fundarstjóri var Bergur Jónsson og fundarritari Hreinn Jónasson. Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið, sem var að ljúka og gerði grein fyrir tillögum stjórnar um starfsemi starfsárið 1998-99. Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir almanaksárið 1997 og fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 1998. Hvort tveggja var samþykkt án athugasemda.

Laganefnd sem í sátu Egill Skúli Ingibergsson, Ólafur S. Björnsson og Þorvaldur Finnbogason gerðu tillögu til stjórnar að breyttum lögum félagsins. Stjórn fjallaði um tillögurnar og féllst á þær allar og gerði tvær viðbótar breytingar. Mest var um lagfæringar á orðalagi og áherslubreytingar. Tillaga var m.a. um að færa efnisliðinn lagabreytingar fram fyrir stjórnarkjör og að gera verksvið kjörnefndar skýrara. Stjórn lagði lagabreytingatillögurnar fyrir fundinn og voru þær samþykktar með örfáum orðalagsbreytingum.

Kjörnefnd gerði grein fyrir tillögum um stjórnarkjör. Lokið var kjörtímabili formanns, Gísla Jónssonar og stjórnarmannanna, Ólafs S. Björnssonar gjaldkera og Örlygs Jónassonar varaformanns. Kjörnefnd lagði til að Gísli, Ólafur S. og Örlygur yrðu endurkjörnir til næstu tveggja ára. Tillögurnar voru samþykktar einróma. Kjörtímabili Stefáns S. Skúlasonar, tilnefnds fulltrúa í stjórn var lokið og óskaði hann eftir því að losna úr stjórn. Kjörnefnd hafði óskað eftir að Reykjafell hf. tilnefndi mann í stjórn sem tilnefni Hannes Helgason og samþykkti kjörnefnd hann. Lokið var kjörtímabili þeirra Þorvaldar Finnbogasonar kjörnefndarmanns og Eiríks Briem endurskoðanda. Kjörnefnd lagði til að þeir yrðu báðir endurkjörnir, ásamt Ólafi J. Sigurðssyni til var, til næstu þriggja ára. Tillagan var einróma samþykkt.

Stjórn félagsins starfsárið 1998/99 var því þannig skipuð eftir að hafa skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi:

Gísli Jónsson formaður
Örlygur Jónasson varaformaður
Ólafur S. Björnsson gjaldkeri
Ólafur G. Guðmundsson ritari
Ólafur M. Kjartansson meðstjórnandi
Hannes Helgason meðstjórnandi
Skúli H. Norðdahl meðstjórnandi

Ólafur G. Guðmundsson og Hannes Helgason eru tilnefndir af Augnlæknafélagi Íslands og Reykjafelli hf.

Endurskoðendur á starfsárinu 1998/99 voru:

Eiríkur Briem
Hreinn Jónasson
Ólafur J. Sigurðsson til vara

Kjörnefnd skipuðu starfsárið 1998/99:

Egill Skúli Ingibergsson
Víðir Kristjánsson
Þorvaldur Finnbogason.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum kynnti Jón Otti Sigurðsson tæknifræðingur lýsingu í Hafnarborg og fjallaði um lýsingu í myndlistarhúsum.

2 Fræðslufundir

Á starfsárinu voru haldnir 2 fræðslufundir.

13. maí var haldinn fræðslufundur hjá Smith & Norland hf og hófst hann kl. 20. Fundinn sátu 22 manns. Efni fundarins var „Hönnun lýsingar með aðstoð tölvu“. Framsögu hafði Robert Klarén hjá AB Fagerhult í Svíþjóð. Á eftir voru kaffiveitingar í boði Smith & Norland hf. Lýsingardeild Smith & Norland var skoðuð undir leiðsögn starfsmanna og síðan voru umræður um erindið sem fékk góðar viðtökur.

10. nóvember var haldinn fræðslufundur í húsakynnum Epals og hófst hann kl. 17.30. Dagskráin var eftirfarandi: „Stutt yfirlit um sögu Louis Poulsen“: Sune Kristensen, útflutningsstjóri LP. „Vinna með dagsbirtu og rafljós. Vöruþróun og yfirlit eigin hönnunar. Vöruþróunarferli“: Alfred Homann, arkitekt MAA. „Vöruhugmyndafræði LP“: Anders Fanø, yfirhönnuður LP. Fundurinn var hinn fróðlegasti og voru veitingar í boði Epals.

3 Stjórnarfundir

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á starfsárinu. Einn var haldinn á Skrifstofu Raríks á Hvolsvelli, einn í Húskynnum Orkuveitunnar í Reykjavík og einn heima hjá Skúla M. Norðdahl en hinir á heimili formannsins. Á fyrsta fundi starfsársins þann 21. apríl skipti stjórnin með sér verkum. Auk almennra afgreiðslumála voru eftirtalin mál tekin fyrir.

- Unnið var að skipulagningu kynnisferðar til OSRAM og ZUMTOBEL í Þýskalandi og Austurríki. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og var góð þátttaka.
- Undirbúinn og haldinn var fundur í NORDLYS nefndinni og stjórnarfundur í LUX Europa hér á landi.
- Fjallað var um CIE þing í Varsjá í Póllandi 24. - 30. júní 1999.
- Unnið var að skoða tilnefningar varðandi „Góð lýsing '97“. Tíu tilnefningar höfðu borist og er búið að skoða hluta staðanna.
- Unnið hefur verið að endurútgáfu á „Lífi í réttu ljósi“. Leitað hefur verið eftir samstarfs við ýmsa aðila og hafa móttökur verið góðar, ekki síst hjá landlækni. Vænst er að hægt verði að setja upp sýningu innan skamms en Skúli H. Norðdahl ásamt þeim Ólafi M. Kjartanssyni og Ólafi S. Björnssyni vinna að þessu máli.
- Stjórn ákvað að styrkja för Skúla H. Norðdahls á námskeið í Osló, „Lys som virkemiddel i kunst og arkitektur“. Lýsti hann ánægju sinni með námskeiðið og verður fjallað um það í næsta tbl. Ljóss.

- Útgáfa tímaritsins Ljóss var nokkuð rætt en illa hefur gengið að fá efni í blaðið frá félagsmönnum.
- Félagið fékk eigið netfang, lfi@centrum.is og í framhaldi af því var heimasíða félagsins flutt og er nú: www.centrum.is/lfi. Heimasíðan hafði áður verið í tilraunaskyni vistuð undir heimasvæði félagsmanns LFÍ. Félagið hefur einnig fengið talhólf tengt við farsíma félagsins og ætti nú ekki að vera vandkvæðum bundið að ná sambandi við félagið.
- Á síðasta fundi stjórnar, þ. 30. janúar sl. var samþykkt stjórnin heimild til formanns að kaupa aðstoð við rekstur og samskipti út á við eins og nauðsynlegt reyndist. Til þess kom þó ekki því Gísli Jónsson formaður lést 22. febrúar.
- Það var félaginu mikið áfall er formaður þess lést eftir stutta sjúkrahúsvist en mikið starf hafði hvílt á formanni þar sem félagið hefur ekki verið með skrifstofuhald um langan tíma. Örlygur Jónasson varaformaður tók við stjórnvöllum og hafa menn lagst á eitt að halda starfsemi félagsins gangandi. Eiginkona Gísla, Margrét Guðnadóttir hefur aðstoðað við að taka til gögn, greiða reikninga o.þ.h. Guðni Gíslason, sonur Gísla og félagi LFÍ var ráðinn til að yfirfara reikninga og stilla upp reikningi fyrir aðalfund og undirbúa aðalfund.

4 Skrifstofuhald

Á starfsárinu gegndi formaður starfi framkvæmdastjóra eins og árin áður þar sem ekki hefur verið fjárhagslegur möguleiki að ráða sérstakan mann í starfið. Skrifstofuhaldið hefur því að mestu farið fram á heimili Gísla heitins formanns og náðist með því einföld samskipti við félagið og hagræðing.

5 Erlent samstarf

LUX Europa:

Gísli Jónsson heitinn tók við sem forseti LUX Europa á starfsárinu og eftir fráfall hans tók Egill Skúli Ingibergsson við því starfi en hann hafði áður lofað að vera innan handar við þetta mál. Ólafur G. Guðmundsson er ritari LUX Europa.

Stefnt er að því að halda þing LUX Europa hér á landi árið 2001 og er undirbúningur kominn nokkuð áleiðis. Gengið hefur verið frá þingstað og hóteltistingum og tillaga hefur verið lögð fram um þemað „Light and environment“ sem eitt megin þema þingsins.

NORDLYS nefndin

Fundur var haldinn í NORDLYS nefndinni í Reykjavík 26. júní sl. í nefndinni sitja framkvæmdastjórar norrænu ljóstæknifélaganna og í forföllum þeirra formenn þeirra.

6 Félagar

Í lok starfsársins voru félagar alls 1 heiðursfélagi, 41 fyrirtæki og stofnun og 107 einstaklingar sem er svipað og á síðasta starfsári.

7 Annað

Kynnisferð til Osram og Zumtobel

Þátttakendur voru 27, félagsmenn ásamt mökum, sem tóku þátt í kynnisferð til Osram í München í Þýskalandi og Zumtobel í Austurríki 7. - 13. september sl. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og var þátttakendum hin ánægjulegasta. Móttökurnar voru allar hinar virðulegustu og fyrirtækjunum til mikils sóma. Gísli Jónsson sá um undirbúning ferðarinnar og var fararstjóri hópsins.